



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 2. nóvember 2021

2110025SA KB
Málalykill: 11.06

Efni: **Boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 29. október 2021 var lagt fram meðfylgjandi bréf Landverndar, mótt. 20. október 2021, þar kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga er boðin þátttaka í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki, ásamt upplýsingum um námskeiðið. Þátttaka í upphafi verður sveitarfélögunum gjaldfrjáls en gjaldskráin yrði síðar meir endurskoðuð ef framvinda námskeiðsins gengur vel.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórnin tekur jákvætt í erindið og telur það fela í sér tækifæri til að auka þekkingu sveitarstjórnarfólks og styðja við þá vinnu sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í loftslagsmálum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að kynna erindið fyrir sveitarfélögum.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri